

Föstudaginn 29. september 1961.

Nr. 100/1961. **Ásmundur Jóhannsson**
 gegn
Kristvin Hanssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásmundur Jóhannsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 300.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. október 1961.

Nr. 14/1959. **Elías Pálsson** (Sigurður Ólason hrl.)
 gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs
 (Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. janúar 1959. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 15.000.00 og málskostnað í hér- aði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnað- ar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1958.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Elías Pálsson verka-
maður, Melgerði 30, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu,
útgefinni 7. febrúar 1957, gegn borgarstjóranum í Reykjavík
f. h. Reykjavíkurbæjar til þess að fá fjarlægðan af lóð sinni íbúð-
arbragga á bæjarins vegum og til greiðslu skaðabóta, dagseкта
og málskostnaðar. Stefnukröfurnar voru þær, að stefndi yrði
dæmdur til að fjarlægja nefndan bragga, að viðlögðum 200 króna
dagsektum til stefnanda, svo og til að greiða kr. 15.000.00 í skaða-
bætur og málskostnað að mati dómsins. Við dómtöku málsins
krafðist stefnandi frammannefndra bóta og málskostnaðar í öllum
tilvikum.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að stefnandi fékk leigusamning um lóðina
nr. 30 við Melgerði hjá stefnda hinn 13. marz 1953, en af stefn-
anda sjálfum 17. marz sama ár. Þegar leigusamningur þessi var
gerður, voru á lóðinni tveir íbúðarskálar, og bjó stefnandi í öðr-
um þeirra, en bróðir konu hans í hinum. Stefnandi hófst von bráð-
ar handa að rífa íbúðarskála sinn og byggja íbúðarhús á lóðinni.
Áður langt leið, sótti hann um leyfi bæjarvalda til stækkunar
hússins, en fékk það ekki, og að því er virðist vegna þess, að íbúð-
arskáli sá, er mágur hans bjó í, þótti vera því til fyrirstöðu.
Synjun sú, er hér um ræðir, fór fram á byggingarnefndarfundi
Reykjavíkur hinn 9. september 1954, og hinn 22. s. m. ritaði stefn-
andi borgarstjóranum í Reykjavík bréf og skýrði honum frá þess-
ari synjun og kvað ástæður fyrir henni þær, að braggi nr. 10 í
Selby-Camp stæði að nokkru leyti á lóðinni. Braggi sá eða íbúðar-
skáli, sem stefnandi átti við í bréfi þessu, er sá hinn sami, sem
mágur hans bjó í. Mæltist stefnandi í bréfi þessu til þess af borgar-
stjóranum, að skálinn yrði þegar fjarlægður eða að stækkun húss
stefnanda yrði samþykkt. Yrði hið síðara fyrir valinu, kvaðst
stefnandi ekki „sítast“ um það, þótt skálinn stæði á lóðinni, þar
eð hann ætti að fara, þegar er fólk það gæti flutt, er í honum
byggi. Byggingarnefnd heimilaði stefnanda að stækka hús sitt í
janúar 1955. Í maímánuði 1956 virðist stefnandi hafa farið þess

á leit við bæjarvöldin, að íbúðarskáli sá, er mágur hans bjó í, yrði fluttur burt af lóðinni. Þeirri kröfu hans var vísað á bug með þeim rökstuðningi, að hús það, er mágurinn var að byggja með aðstoð Reykjavíkurbæjar, væri enn ekki hæft til íbúðar. Eftir ítrekun á þessari kröfu höfðaði stefnandi mál þetta, eins og fyrr segir. Margnefndur íbúðarskáli var fluttur burt af lóðinni í byrjun árs 1958, og var kröfum stefnanda breytt vegna þess.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á því, að stefndi hafi leigt honum lóðina án allra kvaða, en tregða stefnda á að flytja skálann af lóðinni hafi valdið sér stórtjóni vegna tafa á byggingarframkvæmdum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi frá upphafi samþykkt, að íbúðarskáli sá, er mágur hans bjó í, mætti standa á lóðinni, þar til hús það, er mágurinn hafði í smíðum, yrði hæft til íbúðar. Til vara hefur stefndi haldið því fram, að bótakrafan sé algerlega órökstudd, að því er fjárhæð hennar varðar.

Þess var getið hér að framan, að stefnandi fékk leigusamning um framangreinda lóð á þeim tíma, sem íbúðarskálar hans og mágs hans stóðu báðir á lóðinni. Því var og lýst, að hann hófst handa um byggingarframkvæmdir án þess að gera nokkurn fyrirvara við mág sinn eða stefnda um brottflutning íbúðarskála mágsins. Enn fremur var hér að framan rakið efni erindis hans til stefnda í bréfinu frá 22. september 1954, þar sem hann kvaðst ekki munu amast við því, að skáli mágsins standi á lóðinni, svo fremi samþykkt verði umsóknin um leyfi til stækkunar hússins. Þegar þessi atriði eru virt, þykir ekki verða séð, að stefnandi eigi bótakröfu á hendur stefnda fyrir þá töf, sem orðið hefur á brottflutningi íbúðarskálans, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurbæjar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Pálssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.